

Sp.

45. Tillaga til þingsályktunar

[45. mál]

um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jón Árnason, Ásberg Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því, að settar verði nú þegar reglur um skelfiskveiðar á Breiðafirði. Jafnframt verði áherzla lögð á aukna leit að rækju, skelfiski og öðrum slíkum verðmætum á þesum slóðum með skynsamlega hagnýtingu fyrir augum.

Greinargerð.

S. l. sumar fundust hörpudiskamið inni á Breiðafirði, skammt frá Stykkishólmi. Veiðar hófust, og afli var góður. Nokkur hluti aflans hefur verið unninn í Stykkishólmi, en mestur hluti hans fluttur á bifreiðum til vinnslu í Reykjavík. Nú munu 5 bátar af stærðinni 30—70 tonn stunda þessar veiðar, þar af 3 aðkomubátar að sunnan. Fleiri munu hafa í hyggju að reyna þennan veiðiskap bráðlega. Að sjálf-sögðu ber að fagna því, að hafizt sé handa um hagnýtingu verðmæta, sem hingað til hafa legið ónotuð á hafsbotni. Á hinn bóginn álíta menn alveg nauðsynlegt, að fullrar hófsemi sé gætt, meðan mið þessi eru lítt könnuð og veiðar á tilraunastigi. Að því hnígur efni þeirra bréfa, sem hér eru prentuð sem fylgiskjöl og skýra sjónar-mið heimamanna.

Rækjuvinnsla hófst í Grundarfirði í maí 1969. Á því ári fengust um 100 tonn upp úr sjó. Mikil atvinna var við móttöku aflans í landi. Í júnímánuði s. l. var byrjað að taka á móti rækju til vinnslu í Stykkishólmi. Rækjan, sem veiðist í Breiðafirði, er stór og falleg, en fjörðurinn má enn heita lítt kannaður og nánast óplægður akur að þessu leyti. Mikill tími fer hjá bátunum í leit að rækjumiðum. Auka þarf leit á þessum slóðum, svo sem gert er annars staðar, að opinberri tilhlutan.

Á aðalfundi sýslunefndar Snæfellinga í maí-mánuði 1970 var svofelld tillaga samþykkt:

„Aðalfundur sýslunefndar flytur þeim mönnum þakkir, sem haft hafa forgöngu um rækjuleit og rækjuveiðar við Breiðafjörð. Framtak þeirra hefur þegar leitt til mikillar verðmætasköpunar og aukins atvinnuöryggis.

Jafnframt skorar fundurinn á yfirstjórn hafrannsóknarmála að láta nú þegar á þessu ári fara fram ýtarlega leit að rækju á þessum slóðum og efla að öðru leyti á allan hátt hvers konar rannsóknir á verðmætum hafsins, sem til heilla og nytja horfa á miðum Breiðfirðinga.“

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar að aukinni hagnýtingu áðurgreindra verðmæta með hliðsjón af fenginni reynslu og rannsóknnum okkar færustu manna á þessu sviði.

Fylgiskjal I.

SÝSLUMAÐURINN

Í SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stykkishólmi.

P. t. Reykjavík, 30. sept. 1970.

Með skírskotun til samtala við hr. ráðuneytisstjóra Jón Arnalds og hr. fiskifræðing Hrafinkel Eiríksson er hér vakin athygli hins háa ráðuneytis á eftirfarandi:

S. l. sumar fundust hörpudiskamið inni á Breiðafirði. Var þegar hafizt handa um veiðar. Er talið, að þarna megi veiða hörpudisk með góðum árangri, ef svo heldur fram sem horfir og hófs verður gætt við veiðarnar.

Nú er þegar tekið að stunda þessar veiðar af kappi. Tveir bátar frá Stykkishólmi, Björgvin og Smári, fast að 70 tonna bátar, og einn frá Reykjavík, eru nú að veiðum. Heyrzt hefur og, að fleiri bátar séu væntanlegir frá Reykjavík næstu daga á þessi sömu mið.

Það er álit manna hér um slóðir, að mjög varhugavert sé að flykkja stórum bátum á Breiðafjörð í þessu skyni. Afleiðing þess geti vart orðið önnur en sú, að verðmæti þessi verði uppurin á örskammri stund, öllum til skaða og skammar. Á hinn bóginn sé mjög sennilegt, að þarna geti orðið um ábatasaman atvinnuveg að ræða hjá smábátum frá heimahöfnum Breiðafjarðar nokkra mánuði árlega, undir vísindalegu eftirliti, enda sé full aðgæzla viðhöfð í hvívetna.

Frá mínu leikmannssjónarmiði má ekki minna vera en nú þegar verði unnið að því að koma nauðsynlegu skipulagi á umræddar veiðar, t. d. þannig, að bátum verði gert skylt að afla leyfis til veiðanna og útiloka, að stórir aðkomubátar láti greipar sópa rétt við fiskhelgi heimamanna.

Vænti þess, að erindi þetta verði athugað við allra fyrsta þóknanlegt tækifæri. Samrit bréfs þessa er sent Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélagi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytið,

Arnarhvali, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

STYKKISHÓLMSHREPPUR

30. sept. 1970.

Sjávarútvegsráðuneytið
og

Fiskifélag Íslands,
Reykjavík.

Á fundi í hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, þann 21. sept. s. l., var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps samþykkir að skora á Fiskifélag Íslands og sjávarútvegsráðuneytið að takmarka skelfiskveiðar nú þegar í nágrenni Stykkishólms og að veiðiheimildir verði bundnar vinnslu í Stykkishólmi, einnig að óska eftir um-sögn sérfróðra manna um magn og dreifingu skelfisks í Breiðafirði. Með hliðsjón af þeim rannsóknum og álitserð verði síðan fundið út jákvætt árlegt aflamagn, til þess að hægt verði að koma í veg fyrir ofveiði og þar með að hindra óeðlilega þróun skelfiskveiða.“